

Fundargerð

Aðalfundur Búseta hsf

haldinn á Grand Hótel í Reykjavík 17. maí 2018

Samkvæmt fundargerðarbók voru 43 mættir á fundinn.

Dagskrá:

- Skýrsla stjórnar.
- Framlagninga ársreiknings til samþykktar og umræðu.
- Ákvörðun um fjárhæð inntökugjalds og árlegs félagsgjalds.
- Ákvörðun um stjórnarlaun.
- Ákvörðun um framlag til varasjóðs.
- Tillögur að breytingum á samþykktum félagsins.
- Kosning formanns.
- Kosning tveggja meðstjórnenda til tveggja ára.
- Kosning eins varamanns til tveggja ára.
- Kosning löggilts endurskoðanda til eins árs.
- Mál sem tiltekin eru í fundarboði.
- Önnur mál
 - Nýframkvæmdir.

Fundargerð:

Jón Ögmundsson stjórnarformaður Búseta setur fundinn. Lýsir fund löglegan og leggur til að Gunnlaugur Magnússon stýri fundi og Jónína Lárusdóttir riti fundargerð.

Gunnlaugur Magnússon tekur við fundarstjórn

- Jón Ögmundsson formaður flutti skýrslu stjórnar. Fór yfir 35 ára sögu Búseta og bjarta framtíð félagsins.
- Bjarni Þór Þórólfsson framkvæmdarstjóri Búseta lagði fram ársreikning og svaraði fyrirspurnum. Ársreikningur samþykktur.
- Ákvörðun um fjárhæð inntökugjalds og árlegs félagsgjalds. Samþykkt tillaga stjórnar um óbreytt inntökugjald og félagsgjald.
- Ákvörðun um stjórnarlaun. Óbreytt stjórnarlaun samþykkt. Jón Ögmundsson svaraði fyrirspurn úr sal um laun stjórnarmanna og framkvæmdastjóra Búseta.
- Ákvörðun um framlag til varasjóðs. Samþykkt tillaga stjórnar um óbreytt gjald í varasjóð. Fyrirspurn úr sal svarað, um hvernig gjald í varasjóð er reiknað. Stjórnarformaður sagði það vera 0,5% af búsetugjaldinu.

6. Tillögur að breytingum á samþykktum félagsins. Jón Ögmundsson stjórnarformaður Búseta fór yfir tillögur um breytingar á samþykktum félagsins. Jón útskýrði í hverju tillögur til breytinga fælust. Fundarmenn höfðu fengið tillögurnar útprentaðar. Breytingartillögur voru vegna tilmæla frá Íbúðalánasjóði sem hefur eftirlitshlutverk með húsnæðissamvinnufélögum. Einnig til samræmis við orðalag nýrra laga um húsnæðissamvinnufélög og uppfærðar með tilliti til nútíma tækni í upplýsingamiðlun. Eftir umræður félagsmanna um tillögurnar voru þær samþykktar. Tveir félagsmenn greiddu atkvæði á móti.
7. Kosning formanns. Jón Ögmundsson er sjálfkjörinn með lófaklappi.
8. Kosning tveggja meðstjórnenda til tveggja ára. Jón Hreinsson og Finnur Sigurðsson sjálfkjörnir með lófaklappi.
9. Kosning eins varamanns til tveggja ára. Hildur Mósesdóttir sjálfkjörin með lófaklappi.
10. Kosning löggilts endurskoðanda til eins árs. Hólmgrímur endurkjörinn með lófaklappi.
11. Mál sem tiltekin eru í fundarboði. Engin mál voru tiltekin í fundarboði.
12. Önnur mál.
 - a. Ágústa Guðmundsdóttir markaðsstjóri Búseta kynnti nýframkvæmdir félagsins.
 - b. Karl Sveinsson spurði um forsendur fyrir vali á staðsetningu íbúðarhúsa. Bjarni svaraði, að félagið legði áherslu á hagkvæmar lóðir sem væru líklegar til að halda verðgildi.
 - c. Reynir Ingibjartsson tók til máls og fór yfir sögu félagsins og fyrstu skrefin. Hann lagði til að haldið yrði upp á 30 ára afmæli húss Búseta að Frostafold 20. Hann hvetur félagsmenn til að taka þátt í umræðu um húsnæðismál. Reynir segir að gott væri að bæta upplýsingar frá Búseta um viðhaldsmál. Bjarni þakkaði Reyni fyrir og tekur undir að mikilvægt sé að minnast sögunnar. Bjarni sagði að Búseti ynni samkvæmt viðhaldsáætlun. Að félagið leggði mikla áherslu á að viðhalda húsum sínum vel. En um uppsafnað viðhald sé að ræða sem Búseti sé að vinna í.
 - d. Jóhanna Hjartardóttir íbúi í Holtabyggð 6 óskaði eftir að Búseti sinnti betur viðhaldi þess húss sem hún býr í. Bjarni þakkar fyrir ábendinguna og sagðist myndi fylgja eftir.
 - e. Valur S. Þórarinsson kom með ábendingu úr Smiðjuholtinu sem snýr að efri plötu í bílakjallara sem væri verið að gera við vegna sprungumyndunar. Hann óskaði eftir að Búseti myndi fylgja vel eftir að þessar framkvæmdir yrðu unnar af kostgæfni. Bjarni þakkar fyrir og svarar að viðræður séu við byggingarverktaka vegna þessa.

- f. Einar Kristinn Jónsson þakkar stjórn og starfsmönnum Búseta. Þakkar gott samstarf við Bjarna Þórólfsson framkvæmdastjóra. Hann segir að það sé keppikefli að styrkja félagið og halda kostnaði í lágmarki svo hægt sé að viðhalda hóflegu búsetugjaldi. Hann nefndi einnig að gagnsæi væri af hinu góða hjá félagi eins og Búseta.
- g. Smári B. Ólafsson, spyr um félagsnúmer og hvort komið hafi tillaga um breytingu. Því var svarað að svo væri ekki. Félagsmaður heldur sínu númeri á meðan hann greiðir félagsgjald.
- h. Halldór M. Freysson í Austurkór 88 tók til máls og sagði hann og sína konu vera stolta búseturéttarhafa en segir að það hafi gengið erfiðlega að fá viðgerð vegna leka. Bjarni þakkaði fyrir upplýsingarnar og sagðist myndi fylgja eftir.
- i. Guðrún Ingvarsdóttir arkitekt og fyrrverandi starfsmaður Búseta kemur með ábendingu um viðhaldssjóð. Það að miða við brunabótamat sé nokkuð sem gæti þurft að endurskoða þar sem brunabótamat sé hlutfallslega of lágt á eldri húsum sem þarfnist meira viðhalds en ný.

Jón Ögmundsson þakkar fundarmönnum fyrir þátttökuna og góðar umræður. Hann fór stuttlega yfir viðhaldslíkan sem kynnt var á síðasta aðalfundi og nefnir að Búseta sé umhugað um hag félagsmanna. Því sé stöðugt verið að endurhugsa hvernig staðið er að rekstri félagsins með hagsmuni félagsmanna að leiðarljósi. Þar á meðal viðhaldssjóð Búseta. Hann slítur fundi og óskar þess að framgangur Búseta verði sem mestur í framtíðinni.

Fundargerð ritaði Jónína Lárusdóttir